



Árnesi, 16. september 2026

Mál nr. M202609-0087

Til verkefnisstjórnar rammaáætlunar – faghóps 3

Efni: Formleg afstaða og umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps um fyrirhugaða Hrútmúlavirkjun.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vísar til erindis faghóps 3, dags. 25. ágúst 2026, þar sem óskað er eftir almennri umsögn sveitarfélagsins um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðrar Hrútmúlavirkjunar. Faghópurinn óskar sérstaklega eftir formlegri afstöðu sveitarfélagsins og rökstuðningi hennar, meðal annars með hliðsjón af samheldni samfélags, orkuöryggi, efnahagslegum ávinningi nærsamfélags, innviðauppbýggingu og skynrænu áreiti.

Bókun sveitarstjórnar 16. september 2026:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggst gegn fyrirhugaðri Hrútmúlavirkjun eins og verkefnið liggur fyrir og telur að ekki séu forsendur til þess að færa virkjunarkostinn í nýtingarflokk rammaáætlunar.

Afstaðan byggist á því að ekki hefur verið sýnt fram á nægjanlegan samfélagslegan ávinning af verkefninu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp eða nærsamfélagið, á meðan fyrirliggjandi gögn benda til verulegra neikvæðra áhrifa á samheldni samfélags, landslag, búsetugæði, ferðapjónustu, útivist og aðra landnotkun.

Sveitarstjórn telur jafnframt að framkvæmdaraðila hafi ekki tekist að byggja upp nauðsynlegt traust og samfélagslega sátt um verkefnið. Kynning og samráð við íbúa og nágretta framkvæmdasvæðisins hefur að mati sveitarstjórnar verið ófullnægjandi miðað við umfang og varanleika framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn minnir jafnframt á fyrri afstöðu sína frá 15. febrúar 2023 um að tryggja verði með lögum að þau nærsamfélög þar sem orkuauðlindir eru nýttar njóti sanngjarns og varanlegs efnahagslegs ávinnings af þeirri starfsemi. Sú grundvallarafstaða stendur óbreytt.

Sveitarstjórn telur að almenn þörf fyrir aukna raforkuframleiðslu geti ekki ein og sér réttlætt einstakan virkjunarkost. Meta verði hvert verkefni með hliðsjón af staðsetningu, áhrifum á íbúa og atvinnustarfsemi, samfélagslegri sátt og því hvort sanngjarnt jafnvægi sé á milli ávinnings verkefnisins og þeirra byrða sem nærsamfélagið ber.

Að mati sveitarstjórnar er slíkt jafnvægi ekki fyrir hendi í tilviki Hrútmúlavirkjunar. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps beinir því til verkefnisstjórnar rammaáætlunar að Hrútmúlavirkjun verði ekki færð í nýtingarflokk.



Rökstuðningur og ítarleg umsögn

1. Fyrri skipulagsmeðferð fól ekki í sér samþykki fyrir virkjuninni

Sveitarstjórn telur rétt að taka skýrt fram að ákvarðanir fyrri sveitarstjórnar sveitarfélagsins um að heimila gerð skipulagslýsingar og kynningu á hugmyndum um Hrútmúlavirkjun verði ekki túlkaðar sem samþykki sveitarfélagsins fyrir framkvæmdinni.

Heimild til að hefja skipulagsvinnu er hluti af lögbundnu ferli þar sem áform eru tekin til kynningar og efnislegrar skoðunar. Hún jafngildir ekki pólitísku eða skipulagslegu samþykki fyrir þeirri framkvæmd sem síðar kann að verða lögð fram. Nú liggja fyrir mun umfangsmeiri upplýsingar um verkefnið, áhrif þess og viðhorf nærsamfélagsins en þegar fyrstu skref skipulagsferlisins voru tekin. Afstaða sveitarstjórnar nú byggist á þeim upplýsingum.

2. Samheldni samfélags og samráð

Sveitarstjórn telur að áhrif Hrútmúlavirkjunar á samheldni samfélagsins séu eitt þyngsta álitaefnið í málinu. Mikil andstaða hefur komið fram meðal íbúa og landeigenda í nærumhverfi fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og veruleg gagnrýni hefur beinst að kynningu og samráði af hálfu framkvæmdaraðila.

Að mati sveitarstjórnar hefur verkefnið ekki verið unnið í þeirri sátt við nærsamfélagið sem eðlilegt er að gera kröfu um þegar um er að ræða framkvæmd af þessari stærðargráðu og með svo langvarandi áhrif. Þegar áhrif framkvæmdar ná langt út fyrir landareign framkvæmdaraðila verður samráð að hefjast snemma, vera virkt og fela í sér raunverulegt samtal um staðsetningu, umfang, mótvægisáðgerðir og ávinning nærsamfélagsins.

Sveitarstjórn telur að sá skortur á trausti sem þegar hefur skapast sé sjálfstætt samfélagslegt áhrifaatriði sem verði að vega þungt í mati faghóps 3.

3. Ekki hefur verið sýnt fram á ávinning nærsamfélagsins

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur um áratugaskeið tekið á sig umfangsmikil áhrif vegna raforkuframleiðslu og flutnings raforku. Sveitarstjórn hefur jafnframt um árábil bent á að núverandi fyrirkomulag tryggi ekki að nærsamfélög njóti sanngjarns hluta þess samfélagslega og efnahagslega ávinnings sem verður til vegna orkuframleiðslu.

Á fundi sveitarstjórnar 15. febrúar 2023 var samþykkt sérstök bókun þar sem meðal annars kom fram: „Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land.“ Þá hvatti sveitarstjórn sveitarfélög með orkumannvirki eða virkjanaáform til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar yrði fest í lög.

Sú grundvallarafstaða stendur óbreytt. Hrútmúlavirkjun yrði staðsett í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og íbúar og fyrirtæki sveitarfélagsins tækju á sig áhrif á landslag, ásynd, búsetugæði, landnotkun, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Á móti hefur ekki verið sýnt fram á sambærilegan, mælanlegan og varanlegan efnahagslegan ávinning fyrir sveitarfélagið eða nærsamfélagið.

Sveitarstjórn telur ekki fullnægjandi að vísa til tímabundinna starfa á framkvæmdatíma sem mótvægi við áhrif mannvirkja sem geta staðið í áratugi. Þá er óvarlegt að byggja mat á



mögulegum framtíðartekjum af lagaákvæðum eða gjaldtökukerfum sem ekki liggja endanlega fyrir. Samfélagslegur ávinningur þarf að vera raunverulegur, tryggður og varanlegur.

4. Orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku

Sveitarstjórn dregur ekki í efa að aukin raforkuframleiðsla geti haft gildi fyrir íslenskt samfélag og orkuskipti. Það er hins vegar annað álitaefni en samfélagslegur ávinningur fyrir það nærsamfélag sem hýsir virkjunina.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er þegar eitt mesta orkuframleiðslusvæði landsins. Þrátt fyrir það njóta íbúar og fyrirtæki sveitarfélagsins ekki sjálfkrafa lægra raforkuverðs eða lægri dreifikostnaðar vegna nálægðar við framleiðsluna. Ekki hefur verið sýnt fram á að Hrútmúlavirkjun breyti þeirri stöðu eða skapi sérstakan staðbundinn ávinning hvað varðar orkuöryggi eða jafnt aðgengi að raforku.

Sveitarstjórn telur því mikilvægt að greina skýrt á milli almenns ávinnings fyrir raforkukerfi landsins annars vegar og raunverulegs ávinnings fyrir nærsamfélagið hins vegar.

5. Innviðauppbýgging

Sveitarstjórn telur mikilvægt að gera greinarmun á innviðum sem nauðsynlegir eru til að byggja og reka virkjun annars vegar og innviðum sem bæta raunverulega lífsgæði eða atvinnuskilyrði í nærsamfélaginu hins vegar.

Vegir, raflagnir, tengivirki og önnur mannvirki sem fyrst og fremst eru byggð til þess að koma vindmyllum á framkvæmdasvæði og flytja raforkuna frá því geta ekki sjálfkrafa talist samfélagslegur ávinningur. Til þess þarf að liggja fyrir hvernig þeir bæta varanlega þjónustu, samgöngur eða atvinnuskilyrði íbúa og fyrirtækja sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn telur að slíkur ávinningur hafi ekki verið sýndur fram með fullnægjandi hætti í tilviki Hrútmúlavirkjunar.

6. Ferðaþjónusta, landnotkun og framtíðarmöguleikar svæðisins

Mikil uppbygging ferðaþjónustu hefur átt sér stað og er fyrirhuguð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og á áhrifasvæði Þjórsárdals. Sú uppbygging byggir meðal annars á náttúru, landslagi, kyrrð, útivist, sögu og upplifun ferðamanna af svæðinu.

Sveitarstjórn telur því rangt að skoða Hrútmúlavirkjun einangrað sem verkefni sem kunni að skapa tímabundin störf eða framleiða raforku. Réttu spurningin er hvaða atvinnuuppbygging skapar mest og varanlegust verðmæti fyrir samfélagið til langs tíma og hvaða áhrif ein atvinnustarfsemi hefur á möguleika annarrar.

Vindorkuver af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir getur breytt ásýnd stórs landsvæðis um áratugi. Ef slík framkvæmd dregur úr möguleikum til uppbyggingar ferðaþjónustu, útivistar, landbúnaðar eða annarrar starfsemi verður sá fórnarkostnaður að vera hluti af mati á samfélagslegum áhrifum. Ekki hefur að mati sveitarstjórnar verið sýnt fram á að verðmætasköpun Hrútmúlavirkjunar fyrir nærsamfélagið vegi upp slíkan fórnarkostnað.



7. Áhrif á núverandi atvinnustarfsemi og búsetu

Áhrifasvæði Hrútmúlavirkjunar er ekki óbyggt eða ónotað land án annarra hagsmuna. Þar er fyrir búseta, landbúnaður, ferðaþjónusta, útivist og önnur atvinnustarfsemi sem hefur byggst upp á löngum tíma.

Sveitarstjórn telur að ekki eigi að líta á hagsmuni þeirrar starfsemi sem þegar er til staðar sem aukaatriði gagnvart nýjum virkjunaráformum. Þvert á móti verður framkvæmdaraðili nýrrar stórfamkvæmdar að sýna fram á að hún geti gengið saman við þá byggð og atvinnustarfsemi sem fyrir er og að áhrif á hana séu ásættanleg. Að mati sveitarstjórnar hefur það ekki verið gert með fullnægjandi hætti.

8. Skynrænt áreiti og ásýnd lands

Vindorkuver er eðlisólíkt mörgum öðrum orkumannvirkjum að því leyti að um er að ræða mjög há og hreyfanleg mannvirki sem geta verið sýnileg úr mikilli fjarlægð. Áhrif slíkra mannvirkja eru ekki bundin við þá landareign þar sem þau standa.

Sýnileiki, hreyfing spaða, mögulegt skuggaflökt, hávaði og breyting á ásýnd lands geta haft bein áhrif á íbúa nærliggjandi jarða og aðra sem búa og starfa á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Sveitarstjórn telur að sjónarmið þeirra sem búa næst framkvæmdinni eigi að fá sérstaklega mikið vægi, enda bera þeir stærstan hluta daglegra og langvarandi áhrifa hennar.

Staðsetning Hrútmúlavirkjunar innan byggðs sveitarfélags, í nágrenni bújarða og annarrar atvinnustarfsemi, eykur að mati sveitarstjórnar vægi þessa þáttar.

9. Sanngjörn skipting ávinnings og byrða er forsenda samfélagslegrar sáttar

Afstaða sveitarstjórnar til Hrútmúlavirkjunar verður að skoðast í stærra samhengi íslenskrar orkustefnu. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur um áratugaskeið lagt verulega af mörkum til orkuframleiðslu landsins og sveitarfélagið hefur ekki lagst gegn því hlutverki.

Það sem sveitarstjórn hefur hins vegar ítrekað bent á er að núverandi kerfi hefur ekki tryggt sanngjarna skiptingu ávinnings og byrða. Nærsmfélagið tekur á sig áhrif mannvirkja, landnotkunar og breyttrar ásýndar, á meðan stærsti hluti efnahagslegs ávinnings af orkunni verður til annars staðar.

Þetta fyrirkomulag getur ekki verið sjálfbær grundvöllur þeirrar miklu uppbyggingar orkukerfisins sem stefnt er að á næstu áratugum. Orkuskipti þurfa samfélagslegt umboð og það fæst aðeins ef þau samfélög sem leggja til landið og taka á sig áhrifin sjá raunverulegan, sanngjarnan og varanlegan ávinning af uppbyggingunni.

Niðurstaða og formleg afstaða sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að fyrirbyggjandi gögn og reynslan af undirbúningi verkefnisins staðfesti í veigamiklum atriðum þær áhyggjur sem sveitarstjórn, íbúar og landeigendur í nærumhverfinu hafa lýst vegna Hrútmúlavirkjunar.

Ekki hefur verið sýnt fram á nægjanlegan samfélagslegan ávinning af framkvæmdinni fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Á sama tíma eru fyrirbyggjandi veruleg álitamál um samheldni



samfélags, skynrænt áreiti, ásýnd lands, ferðaþjónustu, útivist, aðra landnotkun og núverandi atvinnustarfsemi.

Sveitarstjórn telur jafnframt að framkvæmdaraðila hafi ekki tekist að byggja upp það traust og þá samfélagslegu sátt sem verður að vera forsenda stórfamkvæmdar sem hefur jafn umfangsmikil og langvarandi áhrif á nærumhverfi sitt.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggst því gegn Hrútmúlavirkjun eins og verkefnið liggur fyrir.

Sveitarstjórn telur að ekki séu samfélagslegar forsendur fyrir því að Hrútmúlavirkjun verði færð í nýtingarflokk rammaáætlunar og beinir því til verkefnisstjórnar rammaáætlunar að virkjunarkosturinn verði ekki flokkaður í nýtingarflokk.

Sveitarstjórn leggur sérstaka áherslu á að almenn þörf samfélagsins fyrir aukna raforku geti ekki ein og sér réttlætt einstakan virkjunarkost. Meta verður hvert verkefni út frá staðsetningu þess, áhrifum á fólk og atvinnustarfsemi, samfélagslegri sátt og því hvort sanngjarnt jafnvægi sé milli þess ávinnings sem verkefnið skapar og þeirra byrða sem nærsamfélagið ber.

Að mati sveitarstjórnar er slíkt jafnvægi ekki fyrir hendi í tilviki Hrútmúlavirkjunar.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er reiðubúinn að leggja áfram sitt af mörkum til orkuskipta og verðmætasköpunar þjóðarinnar. En sveitarfélagið getur ekki samþykkt að frekari orkuuppbygging fari fram með þeim hætti að nærsamfélagið taki á sig varanleg áhrif án þess að fyrir liggi samfélagsleg sátt og skýr, sanngjörn og varanleg hlutdeild þess í ávinningnum.

Fyrirhuguð Hrútmúlavirkjun uppfyllir að mati sveitarstjórnar hvorugt þessara grundvallarskilyrða.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson

Oddviti